

## GJALDSKRÁ

### vegna skoðunar leiguíbúða.

Borgarráð samþykkti á fundi sínum 20. júní 1995 eftirfarandi gjaldskrá vegna skoðunar leiguíbúða, sbr. 69. gr. laga nr. 36/1994:

Útseld vinna tæknimanns m/vsk 1 1/2 klst. á kr. 3.750 .....	kr. 5.175
Boðun annars aðila með símskeyti .....	kr. 600
Afgreiðsla beiðna, eyðublöð, símaþjónusta .....	kr. 725
Akstur .....	kr. 500
	<u>Samtals kr. 7.000</u>

*Borgarstjórnin í Reykjavík, 20. júlí 1995.*

**Hjörleifur B. Kvaran.**

e.u.

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Menningar- og styrktarsjóð Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningar- og styrktarsjóður Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, stofnaður að tilhlutan stjórnar sparisjóðsins og staðfest af aðalfundi.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10.000.000 -tíu milljónir króna-. Þar af skal bundið stofnfé vera kr. 1 milljón með hæstu vöxtum og verðtryggingu Bakhjarlsreikninga Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að veita styrki til eflingar á íslenskri lista- og menningarstarfsemi í Reykjavík og nágrenni, svo og að styðja þar heilbrigðis- og líknarmál.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum mönnum til tveggja ára í senn og skulu þeir tilnefndir af stjórn sparisjóðsins.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af skoðunarmönnum sparisjóðsins og birtur með ársreikningi hans.

## 6. gr.

Tekjur sjóðsins eru framlög frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, sem stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni, önnur framlög sem berast kunna sjóðnum og vaxtatekjur.

## 7. gr.

Stjórn Menningar- og styrktarsjóðs ráðstafar fé, og ákveður úthlutun eftir eigin frumkvæði eða samkvæmt umsóknum aðila búsettum í Reykjavík og nágrenni. Árleg úthlutun má þó aldrei skerða bundið stofné kr. 1 milljón sbr. 2. gr.

## 8. gr.

Eingöngu aðalfundur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis getur tekið ákvörðun um breytingar á skipulagsskrá þessari eða að leggja sjóðinn niður. Meirihluti stjórnar Menningar- og styrktarsjóðs Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis getur gert tillögur til breytinga á skipulagsskránni til aðalfundar sparisjóðsins. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til menningarmála í Reykjavík, skv. nánari ákvörðun aðalfundar.

Áður en þær breytingar sem að framan greinir koma til framkvæmda þarf til samþykki ráðherra sbr. 6. gr. laga nr. 19/1988.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. júlí 1995.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

\_\_\_\_\_  
*Jón Thors.*

## AUGLÝSING

### um friðlýsingu æðarvarps og sellátra í Strandasýslu.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, samanber reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum, er hér með ákveðin friðlýsing alls æðarvarps innan marka Strandasýslu, umdæmis sýslumannsins á Hólmavík.

Jafnframt er, samkvæmt 15. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, friðlýst sellögnum og sellátrum öllum í Strandasýslu.

*Sýslumaðurinn á Hólmavík, 20. júlí 1995.*

**Hjördís Hákonardóttir, sett.**